

94. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar mánudaginn 31. maí 2010, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Fundur stjórnar SSNV frá 21. apríl 2010
 - b) Fundur stjórnar SSNV frá 11. maí 2010
 - c) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. maí 2010
 2. Bréf frá Landskerfi bókasafna ódags.
 3. Bréf frá Stofnun Árna Magnússonar frá 7. maí 2010
 4. Menningarsamningur
 5. Bréf frá Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna frá 17. maí 2010
 6. Kvennahlaup Íslands
 7. Bréf frá Jónasi Skaftasyni frá 15. maí 2010
 8. Erindi frá Ferðamálafélagi A-Hún frá 25. maí 2010
 9. Skólaakstur
 10. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) **Fundur stjórnar SSNV frá 21. apríl 2010**

Fram kemur undir lið 4 að opinberum störfum á Norðurlandi vestra hefur fækkað um 1,2 störf. Bæjarráð tekur undir ályktun stjórnar SSNV að alþingismenn NV-kjördæmis og ríkisstjórn Íslands beiti sér fyrir því að við fjárlagagerð ársins 2011 verði störfum á vegum ríkisins á Norðurlandi vestra ekki fækkað meira en orðið er, og áfram verði tryggt fjármagn í þau verkefni sem nú þegar njóta stuðnings.

Lögð fram til kynningar
 - b) **Fundur stjórnar SSNV frá 11. maí 2010**

Lögð fram til kynningar
 - c) **Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. maí 2010**

Lögð fram til kynningar
2. **Bréf frá Landskerfi bókasafna ódags.**

Ársreikningur Landskerfa bókasafna lagður fram.

Lagður fram til kynningar.

3. Bréf frá Stofnun Árna Magnússonar frá 7. maí 2010

Í tilefni af aldarafmæli stofnunarinnar hyggst stofnunin gefa út úrval 100 örnefna vítt og breitt um landið. Óskað er eftir styrk til verkefnisins.

Bæjarráð hafnar erindinu.

4. Menningarsamningur

Lagður fram nýr menningarsamningur milli ríkisins og SSNV sem gildir fyrir árið 2010 og sem báðir aðilar hafa undirritað.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna frá 17. maí 2010

Á eigandafundi safnsins þann 22. febrúar 2010 óskuðu fundarmenn eftir að stjórn setti fram tillögur um framtíðarskipulag Byggðasafnsins á Reykjartanga. Það er á valdi eigenda að móta framtíðarstefnu Safnsins. 4 mögulegar leiðir eru tíunduð í bréfinu.

Lagt fram til kynningar.

6. Kvannahlaup Íslands

Óskað er eftir styrk til Kvannahlaups ÍSÍ á Blönduós með því að frá frítt í sund laugardaginn 19. júní n.k.

Bæjarráð samþykkir erindið.

7. Bréf frá Jónasi Skaftasyni frá 15. maí 2010

Þeim hluta bréfsins er snýr að Brunavörnum A-Hún er vísað til stjórnar Brunavarna A-Hún.

Bæjarráð lýsir yfir óánægju og vonbrigðum yfir ítrekuðum og ómaklegum ávirðingum í garð starfsmanna bæjarins sem birtast í bréfinu.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

8. Erindi frá Ferðamálafélagi A-Hún frá 25. maí 2010

Umsókn um styrk vegna heimildarmyndar um stóðréttir í Skrapatungurétt.

Bæjarráð samþykkir kr. 400.000

9. Skólaakstur

Bæjarstjóri kynnti lokadrög að útboðsgögnum fyrir skólaakstur grunnskólabarna á Blönduósi.

Bæjarráð samþykkir útboðsgögnin.

10. Önnur mál

a) Framkvæmdir við Blönduósvöll

Formaður bæjarráðs kynnti úthlutun mannvirkjasjóðs KSÍ þar sem Hvöt fær kr. 500.000,- til lagfæringar á æfingasvæði.

b) Styrkur til framboða

Á fjárhagsáætlun 2010 er gert ráð fyrir kr. 275.000 styrk til framboða fyrir sveitarstjórnarkosningar 2010.

Bæjarráð samþykkir að upphæðin dreifist jafnt á framboðin til sveitarstjórnarkosninga á Blönduósi 2010.

c) Klæðning á Mýrarbraut

Bæjarráð óskar eftir að gerð verði úttekt á kostnaði við viðgerð og/eða yfirlögn á þeim hluta Mýrarbrautar sem verst er farin. Tæknideild verði falið að skila kostnaðarmati fyrir næsta fund.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:15

*Kári Kárason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)